

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2214  
komudagur 3.5.2011



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2011

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán með síðari breytingum, þskj. 1248 – 724. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Í dag þurfa fyrirtæki sem veita smálán ekki að fá starfsleyfi þrátt fyrir að standa í lánastarfsemi. Þau fyrirtæki teljist ekki fjármálaþyrntæki þar sem þau fjármagni útlán sín ekki með innlánnum. Því þurfi þau ekki að sækja um leyfi til lánastarfsemi til fjármálaeftirlitsins. Markaðssetning fyrirtækja sem veita smálán hefur líka verið ávítunarverð þar sem hún er sett fram sem gylliboð án þess að upplýsa kostnað við lánið. Lánin eru ekki bara auðfengin, fljótafgreidd og bera gríðarlega háa vexti eða þóknunir heldur eru skilmálar ekki nægjanlega skýrir til að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun.

BSRB tekur undir þá ákvörðun að setja skuli skilyrði fyrir veitingu smálána. Að skilyrða fyrirtækin að upplýsa hver kostnaðurinn við lántöku smáláns er á ársgrundvelli með svokallaðri árlegri hlutfallstölu mun gera lántakendum gleggri grein fyrir kostnaði við lántökuna. Ennfremur telur BSRB að greiðslumat sé nauðsynlegt til að tryggja greiðslugetu lántakenda áður en slík lán séu veitt. Þetta mun að mati BSRB auka vernd neytenda. Einnig telur BSRB að setja skuli sérstök lög um að starfsemi smálánaþyrntækja verði gerð starfsleyfisskyld.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helga Jónsdóttir'.

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri